

Verkefnavinna - VERV1A05

Lýsandi heiti áfanga: Verkefnavinna

Framhaldsskólaeiningar: 5

Undanfari: Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara, nemendur þurfa að rökstyðja val sitt á verkefni og semja um hvernig afurð verkefnisins verður skilað í lokin áður en vinnan hefst.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- viðfangsefninu sem hann velur sér
- því hvernig best er að kynna vinnuna í lokin
- því hvernig hægt er að rökstyðja val sitt á verkefni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- safna saman upplýsingum og vinna úr þeim
- kynna vinnu sína að verkefni loknu
- rökstyðja val sitt á verkefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna verkefni útfrá fyrirfram ákveðinni hugmynd
- tjá sig um verkefnið og miðla þekkingu, hugmyndum og skoðunum og bregðast við gagnrýni áheyrenda

Námsmat:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið

reglulega.

Birt með fyrirvara um breytingar